

Kaup og kjör dýralækna – til viðmiðunar miðað við stöðuna 2022/2023

Í raun má ekki gefa upp hver kaup og kjör eru á almenna markaðinum en það er þó hægt að **horfa til einhvers viðmiðunar** þar sem viðkomandi getur þá „mátað sig við“ það. Það má rekja sig áfram út frá stofnanasamningum sem eru til staðar að teknu tilliti til kjarasamninga sem eru með launatöflurnar.

Nýjasti stofnanasamningurinn er frá 2019 og það er við Matvælastofnun, sjá <http://dyr.is/wp-content/uploads/2019/02/Stofnanasamningur-2018-undirrita%C3%B0ur.pdf>. Þar er hægt að setja sig inn til samanburðar við mögulegt sambærilegt/svipað starf, sjá í 3. kafla samnings og varðar grunnröðun í launaflokka. Það lýtur þá að röðun inn í sjálfa launatöflu gildandi samninga, í þessu tilviki er um að ræða við ríkisstofnun og þá eru eftirfarandi samningar í gildi: <http://dyr.is/wp-content/uploads/2019/11/Kjarasamningur-r%C3%ADki-D%C3%8D-undirrita%C3%B0-april-2020.pdf>.

Launataflan þar gildandi á síðustu síðunni, gildir frá 1.1.2022. Grunnröðunin lýtur að því að setja fólk niður í töfluna (upp og niður) og því til viðbótar koma síðan færslur til hægri í töflunni út frá einstaklingsbundnum sjónarmiðum og þar alveg upp í 8 þrep. Það snýst þá meira um menntunina sjálfa (og/eða viðbótarmenntun), starfsreynslu o.fl. sbr.kafla 4 og 5 í Stofnanasamningnum.

Sem **DÆMI** má taka dýralækni sem, skv. stofnanasamningi Matvælastofnunar (grein 3.3.) hefur umsjón með og ber faglega ábyrgð á afmörkuðu verksviði og málaflokkum innan þess með menntunarkröfuna MS/Cand. Med. Vet./Dýralæknaþróf væri að lágmarki í röðun frá launaflokki 13. Grunnþrepið 13-0 gefur í töflunni 696.619.- skv.nýjum kjarasamningi sem var undirritaður 31.3.2023 og samþykktur af félögum í kjölfarið (8,515% hækkun frá samningnum á undan sem rann út 31.3.2023).

Sem annað **DÆMI** má taka sérgreinadýralækni/fagsviðsstjóra (sami samningur, grein 3.4.) sem væri að lágmarki í röðun frá launaflokki 14 og álagsþrepi 1 (14-1) sem gefur í töflunni 749.567.- Hafi viðkomandi starfað í 5 ár ætti hann að færast til hægri í launatöflunni sem nemur 4 þrep til viðbótar => launaflokkur 14-5 sem gefur 822.695.- Þessar upphæðir skv.nýjum kjarasamningi sem var undirritaður 31.3.2023 og samþykktur af félögum í kjölfarið (8,49% hækkun frá samningnum á undan sem rann út 31.3.2023).

Þá er líka hægt að fletta upp í opinberri samantekt sem varðar að taka „púlsinn“ á launum dýralækna. Eftirfarandi vefslóð <http://gogn.fjr.is/Report/EmbedReport/4e7d2e68-611d-44c0-9ba0-7c084722c34c> sýnir ef valið er stéttarfélagið Dýralæknafélag Íslands heildarlaun að meðaltali félagsfólks DÍ hjá ríkinu. Með meðalheildarlaunum er átt við alla vinnu eins og dagvinnu, yfirvinnu og vaktaálag sem voru að meðaltali árið 2022 (frá janúar til og með september) 914.858.- á mánuði.

Allt þetta „grúsk“ sýnir svo sem bara einhver viðmið og tengt ríkisstarfsfólki. Hins vegar er nýlega undirritaður samningur milli DÍ og SA (samtek atvinnulífsins) en þar er aldrei talað um neinar tölur, alltaf samkomulagsatriði hverju sinni (og mikilvægt að gera ráðningasamning), sjá vefslóðina http://dyr.is/wp-content/uploads/2022/02/Kjarasamningur_SAOgBHM_30juni21.pdf. Þarna kemur fram í kafla 1.1. „Launakjör háskólamanna ráðast af því sem um semst á markaði. Við ákvörðun launa milli vinnuveitanda og starfsmanns, skulu laun endurspeglja vinnuframlag, hæfni, menntun og færni viðkomandi starfsmanns svo og innihald starfsins og þá ábyrgð sem starfinu fylgir. Gæta skal ákvæða jafnréttislaga við launaákvæðanir. Þegar samið er um laun geta vinnuveitandi og starfsmaður m.a. byggt á launakönnunum sem og skipan launamála hjá viðkomandi vinnuveitanda. Starfsmaður á rétt á viðtali við yfirmann einu sinni á ári um störf sín, þ.m.t. frammistöðu og markmið og hugsanlegar breytingar á starfskjörum.“ Þannig er gengið út frá að **launakjör séu samningsatriði á milli launþega og atvinnuveitanda**. Hafa skal í huga að í slíku samtali eru alltaf **tveir aðilar við samningsborðið** en í samningaviðræðum getur launþegi byggt á ýmsum viðmiðum, sbr. sem kemur fram í þessu skjali.

Í *nóv./des. 2022* framkvæmdi Dýralæknafélag Íslands, DÍ, í samstarfi við Bandalag háskólamanna, BHM, launakönnun meðal félagsmanna sinna. Svarhlutfallið var kringum 50% og af þeim sem svöruðu vann tæpur helmingur þeirra við dýralækningar, nánast allir á einkamarkaði (þá á stofum) eða sjálfstætt.

Samkvæmt könnuninni er algengast að dýralæknarnir séu með grunnlaun á bilinu 701-800 þúsund á mánuði og heildarlaunin liggi á bilinu 701-900 þúsund á mánuði. Þetta átti við um hvort heldur dýralæknirinn starfar á almennum markaði eða hjá ríkinu.

Samantekt feb.2023-breytt apr.2023/SB